



Ársskýrsla 2018 – 2019

Stjórnandi Stóru Lúðró
Stjórnandi Litlu Lúðró
Stjórnandi Víkingasveitar

Anastasia Kiakhidi
Martin Markvoll
Martin Markvoll

Litla Lúðró

Flauta	Hugrún María Hólmgeirsdóttir Íris Anna Sigfúsdóttir
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir (byrjaði í nóvember) Þ. Daniel Einarsson (byrjaði í október)
Altsaxófónn	-
Kornett	-
Básúna	Gergö Petö Ragnheiður Emma Einarsdóttir
Píanó	Sesselja Arnþórsdóttir
Gítar	Bæring Breiðfjörð Magnússon Bæring Nói Dagsson
Rafbassi	Þorvarður Hinriksson
Slagverk	Arnar Franz Hauksson (byrjaði í október) Aron Elvar Stefánsson Magnús Ingi Sigfússon
Klukkuspil	Kristbjörg María Álfgeirsdóttir

Stóra Lúðró

Flauta	Theodóra Björk Ægisdóttir Hera Björk Ragnarsdóttir
Klarinett	Helga María Elvarsdóttir Adda Sigríður Ásmundsdóttir Hulda Salome Gunnarsdóttir Kristjana Ósk S. Hjaltalín
Bassaklarinett	Embla Rós Elvarsdóttir
Altsaxófónn	Ísól Lilja Róbertsdóttir Ksenia Kowalska Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir
Kornett	Helena María Ægisdóttir Bence Petö
Franskt horn	Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Básúna	Helga Sóley Ásgeirsdóttir Hjalti Jóhann Helgason
Píanó (Klukkuspil)	Jóhanna María Ægisdóttir
Gítar	-
Rafbassi	-
Slagverk	Ágústa Arnþórsdóttir Elín Hinriksdóttir

Peir sem hættu í Litlu Lúðró og færðu sig upp í Stóru Lúðró haustið 2018:

Adda S. Ásmundsdóttir
Bence Petö
Embla Rós Elvarsdóttir
Helga Sóley Ásgeirsdóttir
Hera Guðrún Ragnarsdóttir
Hjalti Jóhann Helgason
Hulda Salome Gunnarsdóttir
Kristjana Ósk S. Hjaltalín
Ksenia Kowalska

Peir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2018:

Dagný Inga Magnúsdóttir (hætt námi)
Guðrún Bergmann Agnarsdóttir (hætt námi)
Haukur Páll Kristinsson (hættur trompetnámi)
Ívar Leo Hauksson
Margrét Lilja Álfgeirsdóttir (flutt til Akureyrar)
Matthildur María Jónsdóttir
Salvör Mist Sigurðardóttir (hætt í námi)
Veronika Ósk Þrastardóttir (hætt námi)

Víkingasveitin

Víkingasveitin var endurlífuguð og var nemendum í 10. bekk og eldri boðið að vera með. Einnig var auglýst eftir fyrrverandi nemendum og öðrum hljóðfæraleikurum sem kynnu að leynast úti í bæ og hefðu gaman af að spila aftur í hljómsveit. Haustönnin var ókeypis fyrir alla og eftir áramót voru rukkuð skólagjöld (hópgjald) fyrir þá sem ekki voru nemendur skólans fyrir.

Flauta	Jóhanna Ómarsdóttir (bara haust) Theodóra Björk Ægisdóttir (bara haust)
Klarinett	Anastasia Kiakhidi Solveig Gunnarsdóttir (eftir áramót)
Altsaxófónn	Ísól Lilja Róbertsdóttir (bara haust) Kristín Benediktsdóttir (bara haust)
Trompet	Hallfreður Lárus Helgason Þórný Alda Ragnarsdóttir
Horn	Birta Sigþórsdóttir Sara Rós Róbertsdóttir (bara haust)
Básúna	Salvör Mist Sigurðardóttir (bara haust)
Píanó	Hólmgeir Þorsteinsson (eftir áramót)
Gítar	Elizaveta Kiakhidi Lárus Pétursson
Rafbassi	Ingimar Þrastarson
Slagverk	Jóel Bjarki Sigurðarson
Klukkuspil	-

Ný hljóðfæri

Alt-saxófónn

Foreldrafélag

Í stjórn voru: Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson, Solveig Guðmundsdóttir, Steinunn María Þórsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir. Edda Baldursdóttir kom inn í stjórn í mars og tók við af Menju og Róberti þegar þau hættu.

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir og búningamál, einnig skipulögð ferð á landsmót SÍSL 12. – 14. október (C-sveitir). Félagið tók að sér að selja veitingar á Degi tónlistarskólanna 2. mars. Nýja búningaherbergi lúðrasveitarinnar var tekið í notkun í september 2018. Sáu um skipulag afmælisveislu sem var haldin í framhaldi af afmælistónleikunum. Einnig var skipulögð skemmtiferð fyrir Litlu og Stóru lúðrasveitirnar í Flatey um mánaðamótin maí-júní.

Starfsárið 2018-19

- 5. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró
13. september Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró
3. október Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitinni

3. október – „Ný“ Víkingasveit

Fyrsta æfingin var auglýst í Stykkishólmspóstinum og mættu 13 hljóðfærалеikarar á fyrstu æfinguna. Ákveðið var að æfa á miðvikudögum kl. 20:00-21:00

LANDSMÓT 12.-14. OKTÓBER

Landsmót SÍSL fyrir eldri nemendur (þá sem eru komnir í 8. bekk og eru komnir á miðstig) var haldið á Akureyri dagana 12.-14. október. Anastasia ók með 2 nemendur: Ísól Lilju og Söru Rós Huldu Róbertsdætur. Þær tóku þátt í mörgum ólíkum námskeiðum og spiluðu svo með á lokatónleikum.

Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æfingabúðir voru haldnar laugardaginn 6. október, byrjuðu kl. 9:44 og lauk um kl. 20:00.

Æft var í hópum og saman og að endingu voru haldnir smá tónleikar fyrir foreldra. Í hléi voru leystar nokkrar tónlistarþrautir frá tónlistargyðjunni “Hljómfríði“ þar sem markmiðið var að finna tónlistarfjársjóð. Um kvöldið var pizzapartý og horft á tónlistarbíó.

9. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æfingabúðir Litlu Lúðró voru haldnar föstudaginn 9. nóvember. Við byrjuðum á að fá okkur samlokur og súpu. Við æfðum bæði í hópum og saman; sex lög fyrir hausttónleika. Í hléinu voru tónlistarþrautir og föndur þar sem við m.a. gerðum tónlistarfána til að skreyta salinn. Að lokum voru foreldratónleikar, pitsuveisla og bíó. Kennarar voru Martin, Anastasia og Haffi.

15. nóvember – Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju

Fimmtudaginn 15. nóvember voru hausttónleikar kl. 18 í kirkjunni. Jóhanna Guðmundsdóttir var kynnir.

Litla Lúðró spilaði *Kóngurinn kemur, Haustlag, Tröllamars, Spánn, Nem Kuela* og *Rock*.

Stóra Lúðró spilaði 4 íslensk lög í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar: *Sautján þúsund sólargeislar, Orðin mín, Kvölda tekur sest er sól* og *Braggablús* og að lokum 1 lag frá Japan: *Totoro mars*.

3 .desember – Tendrað á jólatrénu

Á mánudegi kl. 18:00 var tendrað á jólatrénu frá Noregi. Stóra Lúðró spilaði: *Bráðum koma blessuð jólin, Skreytum hús, Jólasveinar ganga um gólf og Vi tenner våre lykter.*

12 .desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju

Á hátíðartónleikum tónlistarskólans spilaði Litla Lúðró *Jólaklukkur*. Stóra Lúðró spilaði *Ég sá mömmu kysssa jólasvein og Heims um ból*. Víkingasveitin spilaði *Loch Lomond* og *Rockin' Around the Christmas Tree*, en þetta var fyrsta framkoma Víkingasveitarinnar síðan hún var „endurlífguð“ haustið 2018.

13. desember – Heimsókn í leikskólann kl. 10:00

Litla Lúðró heimsótti leikskólann og spilaði *Jólaklukkur* og *Nem Kuela*. Nokkrir nemendur spiluðu síðan önnur lög inn á milli.

2. mars – Dagur tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um kaffisölu til að safna í ferðasjóð.

29. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró (föstudagur)

Æfingabúðir Litlu Lúðró voru haldnar föstudaginn 29. mars. Við æfðum *Góða mamma, Stykkishólmur, Tveir plús einn og Erie Canal Capers*. Að lokum voru foreldratónleikar, pitsuveisla og kvöldvaka. Kennarar voru Martin, Anastasia og Haffi.

30. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró (laugardagur)

Æfingabúðir Stóru Lúðró voru haldnar laugardaginn 30. mars. Við æfðum löginn fyrir afmælistónleikana: *Totoro, Orðin mín, Cheburashka, Braggablús og Sautjánþúsund sólargeislar*. Að lokum voru foreldratónleikar, pizzuveisla og kvöldvaka. Ekki má gleyma því að leystar voru nokkrar þrautir frá *Hljómfríði*. Kennarar voru Martin, Anastasia og Haffi.

11. – 12. apríl – 75 ára afmælistónleikar lúðrasveitarinnar

Fimmtudaginn 11. maí voru haldnir afmælistónleikar í kirkjunni kl. 18:00. Jóhanna Guðmundsdóttir bauð alla velkomna, Solveig Guðmundsdóttir kynnti Litlu Lúðró og foreldrafélagið, Hera Guðrún, Adda Sigríður, Helga Sóley, Kristjana Ósk og Hulda Salome kynntu lög Stóru Lúðró og Birta Sigþórsdóttir kynnti Víkingasveitina. Íris Anna og Ragnheiður Emma tóku til máls og kynntu bangsann með aðstoð allra í Litlu Lúðró. Litla Lúðró spilaði *Stykkishólmur, Tveir plús einn, Góða mamma og Erie Canal Capers*. Stóra Lúðró spilaði: *Totoro, Orðin mín, Cheburashka, Braggablús og Sautjánþúsund sólargeislar*.

Víkingasveitin spilaði *Hug Pine, Fly Me to the Moon* og *Kata rokkar*.

Stóra Lúðró og Víkingasveit spiluðu saman: *Öxar við ána* og *Blessuð sértu sveitin mín*.

Allir fluttu að lokum saman: *Afmælissönginn*.

Eftir fimmtudagstónleikana var afmælisveisla þar sem var boðið upp á spurningakeppni og matarveislu í boði foreldrafélagsins. Á matseðlinum voru hamborgarar og franskar frá Skúrnum og súkkulaðikaka með mynd af lúðrasveitinni í eftirrét.

Föstudaginn 12. apríl voru skólatónleikar haldnir kl. 11:10 þar sem efnisskrá fimmtudagsins var endurtekin. Leikið var fyrir starfsfólk og nemendur 1.-7. bekkjar grunnskólans.

1. maí – Stóra Lúðró spilar á Fosshótel Stykkishólmi í hátíðahöldum SDS.

Við spilum: *Totoro*, *Cheburaschka*, Braggablús og *Öxar við ána*.

15. maí – Hljóðfærakynning

Kennarar skólans og Litla Lúðró héldu hljóðfærakynningu fyrir leikskólann og grunnskólann. Kl. 10 komu nemendur úr 1. og 2. bekk ásamt elsta árgangi leikskólans. Kl. 11:20 komu nemendur úr 3. og 4. bekk. Litla Lúðró spilaði *Góða Mamma* og *Hólmurinn*. Nokkrir nemendur úr Stóru Lúðró voru fengnir til að aðstoða við að kynna hljóðfæri sem vantaði inn í Litlu Lúðró.

22. maí – Víkingasveitin spilar á skólaslitum.

Við spilum: *Ég leitaði blárra blóma* og *Kata rokkar*.

30. maí – Þvottadagur

Allir málmblásturs- og trommunemendur úr Litlu og Stóru Lúðró voru boðaðir á þvottadag. Það mættu aðeins 3 málmblásarar af 8 og 2 trommarar af 5.

31. maí – 1. júní – Litla og Stóra Lúðró fara í skemmtiferð í Flatey

Ferðin var skipulögð af foreldrafélaginu og voru þar í boði ratleikir og þrautir af bestu gerð. Stóra Lúðró fékk að gista í húsi sem fjölskylda Þórnyjar á í eyjunni, en Litla Lúðró fór heim með seinni ferð Baldurs.

1. júní (daginn fyrir sjómannadag) – Stóra Lúðró og trommusveit æfa fyrir 17. júní.

Byrjað á að spila fyrir utan Dvalarheimili aldraðra og svo æfð skrudganga niður Skólastíg í átt að höfninni. – Stjórnandi Anastasia.

17. júní – Stóra Lúðró og trommusveit spila á 17. júní.

Spilað í skrudgöngu niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. – Stjórnendur og göngustjórar Magnús I. Bæringsson og Hafþór S. Guðmundsson (í fjarveru Anastasiu og Martins). – Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána*, *Hafið bláa hafið*, *Á Sprengisandi* og *Cheburaschka*. Nokkrir foreldrar og fullorðnir hljóðfæraleikarar í bænum tóku þátt í göngunni og spiluðu með.

Auk þess hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Stykkishólmi á hrekkjavöku, 31. október 2019

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll